



# Skútustaðahreppur

# Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

## 26. apríl 2017 – Pistill nr. 12

Ferðamannastraumur í Mývatnssveit stefnir í að slá öll fyrri met. Af samtölum mínum við ferðapjónustuaðila hér hefur þetta ár farið ákaflega vel af stað og eins og staðan er núna er Mývatnssveit að verða uppseld í sumar og langt fram á haust. Ferðapjónustan er orðin heils árs atvinnugrein með tilheyrandi aukinni eftirspurn og þrýstingi á uppbyggingu innviða. Hér vantar húsnæði og starfsfólk. Unnið er að stefnumótun í ferðapjónustu sem taka á inn í aðalskipulag Skútustaðahrepps. Við blasir að sveitarfélagið þarf að huga vel að innviðauppbyggingu til framtíðar og þar þarf víðsýni að vera leiðarljós. Kapp er best með forsjá. Skammsýni er fyrirhyggjuleysi, við verðum að gæta þess að fara ekki á taugum út af sífelldum breytingum í hinu ytra umhverfi og láta kappið bera okkur ofurlíði. Við þurfum okkar tíma til þess að skoða vel alla möguleika þegar kemur t.d. að fráveitumálum og velta við öllum steinum og gera ekkert í fljótfærni. Við þurfum að taka ákvarðanir sem byggðar eru á rökræðu og samráði, ekki þrjósku og útilokun sjónarmiða. Stefnan og markmiðin mega ekki vera heilög og æðri heilbriggi skynsemi. Virðing er dyggð víðsýnnar eins og kemur fram í bókinni *Hugskoti* og er í sérstöku upphaldi hjá mér þessa dagana.

„Víðsýnt viðhorf hægir á tímanum, ellefta stundin rennur ekki upp og kapphlaupið við tímann rennur sitt skeið.“ Þannig gefst betri tími til að ala upp börn, kanna kringumstæður, meta gögn og að íhuga framtíðina og fortíðina. Þegar við hugum að innviðauppbyggingu og stefnumótun í ferðapjónustu í Mývatnssveit skulum við líta langt fram í tímann og vera víðsýn í nálgun okkar. Lýðræðið er svifaseint í eðli sínu en byggir á því að taka yfirvegaða ákvörðun hér á okkar forsendum og á okkar heimavelli. Við megum ekki láta utanaðkomandi þrýsting hafa áhrif á okkur til að taka fljótfærnislegar ákvarðanir. Hik er ekki sama og tap.



Flytjendum í Reykjavíðarkirkju var klappað lof í lófa

## Menningin blómstraði

Menningin blómstraði í Mývatnssveit um páskana. Ég fór m.a. á tónlistarhátíðina Músík í Mývatnssveit sem var nú haldin í 20. sinn. Laufey Sigurðardóttir hefur stýrt þessu með miklum myndarbrag frá upphafi. Á tónleikunum í Reykjahlíðarkirkju var boðið upp á glæsilega dagskrá þar sem sjálfur Kristinn Sigmundsson bassasöngvari fór á kostum þegar hann söng íslenskar perlur.



Margrét Hildur og Stefán Jakobsson

Þá tóku Mývetningarnir Stefán Jakobsson og Margrét Hildur Egilsdóttir einnig lagið og gerðu það með glæsibrag.



Frá ljósmyndasýningunni í Skjólbrekku

Félags- og menningarmálanefnd Skútustaða-hrepps í samvinnu við Menningarfélagið Gjallanda, Ljósmyndasafn Þingeyinga og með góðfúslegu leyfi aðstandenda stóð fyrir

ljósmyndasýningu á gömlum ljósmyndum sem séra Örn Friðriksson tók í sveitinni í gamla og eldgamla daga. Sýningin var haldin í Skjólbrekku og var mjög vel mætt eða rúmlega hundrað manns. Starfsmenn Safnahússins völdu úr ljósmyndir sem var varpað upp á tjald. Þótt ég hafi ekki þekkt nokkurn mann á þessum gömlu og skemmtilegu myndum var gaman að vera viðstaddur þessa sýningu sem varpaði ljósi á líf og störf Mývetninga um miðja síðustu öld.



Frá páskaeggjahlaupinu

Þá stóð íþróttamiðstöðin fyrir páskaeggjahlaupi og þar var einnig mjög góð þátttaka. Mæltist þetta ákaflega vel fyrir og gaman að taka þátt.

## Allir með í Mývatnsmaraboni

Mývatnsmarabon verður haldið laugardaginn, 3. júní 2017 og er að venju hlaupið í kringum vatnið. Hlaupið í ár verður með sama fyrirkomulagi og í fyrra þ.e. ræst og endað við jarðböðin. Ég hvet sem flesta til að taka þátt, þarna eru einnig styttri vegalengdir. Ég er alla vega búinn að skrá mig í 10 km hlaupið ☺ Keppni í öllum vegalengdum fer fram á sama degi, laugardeginum 3. júní. Tímasetningar eru eftirfarandi:



12.00 Maraðon hefst.

13.00 Hálfmaraðon hefst.

14.00 10 km og 3 km hlaup hefst.

16.30 Grillveisla.

17.00 Verðlaunaafhending hefst.

Brautin: Flatir hringur kringum Mývatn, sem er þekkt fyrir náttúrulega fegurð, yfirborð vegarins er malbikað.

Innifalið í verði: Grillveisla, aðgangur í jarðböðin og hlaupabólur. Einnig verða veitt sérstök útdráttarverðlaun. Skráning er á

[https://hlaup.is/default.asp?cat\\_id=786](https://hlaup.is/default.asp?cat_id=786)



### **Ekkert heyrir frá umhverfisráðherra vegna fráveitumála**

Staða fráveitumála hefur verið fastur dagskrárliður á fundum sveitarstjórnar að undanfögnu. Þar er bókað um framvindu mála en sveitarfélagið hefur ítrekað haft frumkvæði gagnvart stjórnvöldum og öðrum opinberum

aðilum að fá ríkisvaldið að borðinu. Á fundi sveitarstjórnar í dag var eftirfarandi bókað: Unnið er að umbótaáætlun Skútustaðahrepps í kjölfar kröfu Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra um tímasetta úrbótáætlun í fráveitumálum fyrir þéttbýlin í Reykjahlíð og á Skútustöðum sem skila á fyrir 17. júní. Umbótaáætlunin verður með þeim fyrirvara að hún verður algjörlega háð fjármögnun frá ríkisvaldinu. Sveitarstjórn hefur ákveðið að halda fræðslu- og upplýsingafund um fráveitumál 8. maí n.k. fyrir sveitarstjórn og rekstraraðila sem fengu sambærileg bréf frá heilbrigðiseftirlitinu. Í tengslum við þann fund hefur verið óskað eftir að umhverfis- og auðlindaráðherra eða fulltrúi ráðuneytisins verði með erindi á fundinum þar sem fjallað verði um aðkomu ríkisvaldsins að fráveitumálunum. Þrátt fyrir ítrekanir þar um hefur ráðuneytið enn ekki svarað því hvort ráðherra eða fulltrúi hans muni hafa aðkomu að fundinum.

Dagskrá fundarins verður sem hér segir: Mánudagur 8. maí kl. 13:00, Hótel Seli: Kl. 13:00 Reynir Sævarsson verkfræðingur frá EFLU, kynning og fyrirspurnir vegna fráveituskýrslu.

Kl. 13:45 Magnús Ólafsson jarðefnafræðingur frá Íslenskum orkurannsóknnum, kynning og fyrirspurnir vegna niðurdælingu.

Kl. 14:30-14:45 Fundarhlé.

Kl. 14:45-15:30 Íris Þórarinsdóttir tæknistjóri fráveitu hjá Veitum, kynnir fráveitumál í Borgarfirði.

Kl. 15:30-16:00 Opinn dagskrárliður (búið að bjóða umhverfisráðherra eða fulltrúa hans).

Kl. 16:00-16:30 Tekin ákvörðun um næstu skref.

Þá hefur sveitarstjórn í tvígang óskað formlega eftir fundi með umhverfis- og auðlindaráðherra til að fara yfir aðkomu ríkisins að fráveitumálum

í Skútustaðahreppi án árangurs. Sveitarstjórn lýsir yfir vonbrigðum sínum með það. Rétt er að ítreka bókun frá 53. fundi sveitarstjórnar, 22. mars s.l.: „Kröfur um úrbætur í fráveitumálum er eins og Heilbrigðiseftirlitið vísar til, má að verulegu leyti rekja til verndarlaganna um Mývatn og Laxá, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 665/2012. Í 9. gr. laganna kemur fram: "Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum." Ákvæði verndarlaganna stefndu ekki að því í upphafi að leggja auknar fjárhagslegar byrðar á Skútustaðahrepp, en sýnt er að slíkar kröfur eru komnar fram. Þær eru íþyngjandi fyrir sveitarfélagið og íbúa þess og verður að skoða út frá jafnræðissjónarmiðum og þeim grundvallar hagsmunum sem liggja að baki verndarlögnum. Vernd Mývatns má rekja til einstakrar stöðu vatnsins og alþjóðlegra skuldbindinga ríkisins gagnvart svæðinu. Kröfur um gerð úrbótaáætlunar eru því einnig málefni sem varðar ríkið."



### **Umbótaáætlun fyrir Reykjahlíðaskóla**

Hverju sveitarfélagi var falið að greina ítarlega breytingar á starfsumhverfi kennara sem fylgdu kjarasamningi árið 2014 s.s. vegna breytinga á vinnutímakafla og framkvæmd vinnumats sem innleitt var í grunnskólum.

Verkefnið var unnið samkvæmt aðgerðaráætlun sem undirbúin var með hliðsjón af vegvísi samstarfsnefndar þannig að hún yrði í meginatriðum samræmd milli sveitarfélaga. Við gerð aðgerðaráætlunar var haft samráð við skólastjóra.

Niðurstöður skal nýta til að gera umbætur á framkvæmd skólastarfs innan ramma gildandi kjarasamnings. Misjafnt getur verið eftir sveitarfélögum og skólum hvort eða til hvaða umbóta er nauðsynlegt að grípa. Allir fimm grunnskólakennarar Reykjahlíðarskóla tóku þátt í þessari vinnu ásamt skólastjóra. Sveitarstjóri var fulltrúi sveitarstjórnar.

Sveitarstjóri kynnti fyrir sveitarstjórn lokaskýrslu þessarar vinnu og umbótaáætlun fyrir Reykjahlíðarskóla, sem snýr annars vegar að starfsumhverfi kennara og svo aðstöðu í skólanum. Sveitarstjórn lýsti yfir ánægju sinni með áætlunina og vinnuna á bak við hana.

### **Samið til eins árs um skólaakstur**

Samningar um skólaakstur fyrir Reykjahlíðarskóla renna út í vor.

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að framlengja gildandi samninga við núverandi bílstjóra, Egil Freysteinnsson og Gísla Rafn Jónsson, um eitt skólaár í ljósi þess að haustið 2018 eru fyrirsjáanlegar talsverðar breytingar vegna breyttrar búsetu skólabarna sem kallar á breytingar á skipulagi skólaaksturs.

Þá hefur skólanefnd samþykkt að kanna betur hvort bjóða eigi upp á akstur fyrir leikskólabörn gegn gjaldi. Jafnframt hefur skólanefnd samþykkt sbr. 3. gr. reglugerðar 656/2009 um skólaakstur í grunnskóla að leggja fram reglur um skólaakstur í Skútustaðahreppi fyrir næsta fund nefndarinnar.

## Lífi blásið í Mývatnsstofu

Aðalfundur Mývatnsstofu var haldinn 18. apríl s.l. Lögð fram skýrsla stjórnar og ársreikningur. Sveitarstjóri hefur tekið sæti í stjórn Mývatnsstofu fyrir hönd Skútustaðahrepps. Á aðalfundi Mývatnsstofu var samþykkt að veita stjórn félagsins heimild til að auka hlutfé félagsins um allt að 20 milljónir króna með sölu á nýjum hlutum á genginu 1. Jafnframt var samþykkt að afnema forkaupsréttarákvæði í samþykktum félagsins og gefa meðferð hluta frjálsa.

Ánægjulegt er að sjá að blása á lífi í starfsemi Mývatnsstofu en starfsemin hefur legið niðri meira og minna frá því um síðustu áramót. Í undirbúningi er uppbyggingaráætlun þar sem höfuðáherslan er lögð á markaðsstarf, ímyndaruppbyggingu og viðburðastjórnun.

## Hvernig skólasamfélag viljum við hafa í Skútustaðahreppi?

Ef þú vilt hafa áhrif á það, þá er tækifærið á málþingi um skólamál í Skútustaðahreppi sem haldið verður í kvöld miðvikudaginn 26. apríl kl. 20:00 í Skjólbrekku. Við hvetjum alla til að taka þátt, enda þarf heilt þorp til að ala upp barn! Málþinginu er ætlað að virkja íbúa sveitarfélagsins til þátttöku við að móta áherslur í skólamálum leik- og grunnskóla. Kynntir verða grunnþættir aðalnámskráa og með umræðum lögð drög að því hvernig þeir gætu birst í skólastarfi í Skútustaðahreppi. Grunnþættirnir snúast um læsi í víðum skilningi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun, framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif. Jafnframt verður farið yfir samstarf skólastiga og við foreldra, heimanám og margt fleira. Málþingsstjóri verður Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri.

Hlökkum til að sjá sem flesta!

## Grunnskólakennara vantar í Reykjahlíðarskóla

Kennara vantar í 100% starf við Reykjahlíðarskóla frá 1. ágúst 2017. Um er að ræða umsjónarkennslu á yngsta stigi, textilmennt og sérkennslu. Skólinn er að innleiða Heilsueflandi grunnskóla, Jákvæðan aga og flaggar Grænfánanum fyrir umhverfisstefnu. Reykjahlíðarskóli er heildstæður skóli með rúmlega 30 nemendum. Umsóknarfrestur er til 8. maí 2017. Frekari upplýsingar gefur Sólveig Jónsdóttir skólastjóri. Tölvupóstur: [soljon@ismennt.is](mailto:soljon@ismennt.is)

## Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi að undanfögnu, m.a. aðalfund Mývatnsstofu, framkvæmdastjórnarfund hjá Héraðsnefnd Þingeyinga, með kennurum Reykjahlíðarskóla vegna svokallaðrar bókunar 1, með forstöðumönnum, umferðaröryggisfund og ýmislegt fleira.

Sem fyrr er hér er stiklað á stóru. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda.

*Bestu kveðjur*

**Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri**



*Ekkert skemmtilegra en að skokka í náttúrufegurðinni í Mývatnssveit ©*